




UMSÖGN skipulagsfulltrúa - UPPFÆRD

Eiríksgrata 29 - Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. nóvember 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta fjóra gistaða í flokki II, teg c, minna gistiheimili, eitt á hverri hæð, fyrir samtals 28 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Eiríksgrötu. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 24. október 2024. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt uppfærðri umsögn skipulagsfulltrúa



AR2040



Loftmynd, júlí 2023



Afstöðumynd og snið B-B skv. uppdráttum dags. 11.07.2024



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, AR2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun er Eiríksgrata 29 íbúabyggð (ÍB12). Eiríksgrata er jafnframt aðalgata íbúðabyggðar. Lóðin er innan Hverfisverndarsvæðis Hringbrautar (HV).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir götueitinn sem lóð Eiríksgrötu nr. 29 tilheyrir.

Umsögn

Húsnæðið var innréttað undir hluta af skrifstofum Landspítalans. Æskilegt er að húsnæðið verði nýtt undir íbúðir enda íbúðahluti og húsið á íbúðarsvæði.

Sótt var um rekstrarleyfi fyrir gistiþjónustu í húsinu áður en breyting á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gistaða og skemmtanahald tók gildi 22. maí sl., en sú breyting kveður á um að rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skuli vera í samþykktu atvinnuhúsnæði, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lagabreytingin hefur ekki áhrif á leyfisumsóknina.

Niðurstaða: Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.